**LÖGREGLUSTJÓRINN Í REYKJAVÍK**
Hverfisgötu 115 - Sími 569 9000 - Telefax 569 9099

Alþingi
Erindi nr. Þ 122/1280
komudagur 18.3.'98

Reykjavík 13 mars. 1998.

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Alþingi,
150 – Reykjavík.

Vísað er til bréf yðar frá 9. mars sl þar sem óskað er umsagnar embættis Lögreglustjórans í Reykjavík um frumvarp til laga um gjald af áfengi, 480. mál.
Af hálfu embættisins hefur frumvarpið verið skoðað. Í 6 gr. þess er gert ráð fyrir nýjum verkefnum lögregluyfirvalda vegna áfengiseftirlits. Af framlögðum upplýsingum er ekki hægt að meta hvernig það eftirlit skuli framkvæmt og því ekki tök til mats á því hvort þau gjöld sem lögð eru á samhliða muni standa undir þessum nýju verkefnum lögreglu, en miklu skipti að það verði tryggt. Að öðru leyti eru ekki athugasemdir við frumvarpið sem óskað er að koma á framfæri.

Karl Steinar Valsson
aðstoðaryfirlögregluþjónn